



ALMANNAHAGSMUNIR
FRAMAR SÉRHAGSMUNUM



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 20. október 2016 · 39. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Skötufjörður í október.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

Gengur gömlu póstleiðina til Ísafjarðar



Einar kom við á Bessastöðum og sótti bréf frá Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.

Göngugarpurinn Einar Skúlason hefur nú hafið göngu sína eftir gömlu póstleiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar og er hann einn á ferð, með nesti, tjald og nýja skó. Einar er Vestfirðingur að góðu kunnur, en hann hefur verið einn af primusmóturum Gönguhátíðarinnar í Súðavík. Einar hefur um langt skeið verið áhugasamur um gamlar þjóðleiðir. „Það eru til hundruð gamalla leiða sem eru margar hverjar horfnar. Leiðirnar eru oft merktar

með vörðum en sumstaðar sjást líka slóðar í landinu eftir mörg hundruð ára umgang manna og hesta. Sumar þjóðleiðirnar eru frá upphafi landnáms og liggja þær flestar yfir holt og hæðir en stundum dett ég inn á fjölfarna vegi því sumstaðar er búið að leggja vegi yfir gömlu leiðirnar. Til eru fjölmargar frásagnir af ferðum landpóstanna og þeim raunum sem þeir lentu í og það er þekkt að sumir komust ekki alla leið með bréf og böggla til fólks,“ segir Einar.

Eins og landpósti sámir er hann með nokkur bréf í farteskinu, meðal annars bréf frá forseta Íslands til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og UMFÍ hefur einnig beðið hann fyrir bréf.



Práinn fyrir miðju með félögum sínum í Vestra, þeim Guðmundi Svavarssyni (t.v.) og Þórði Hafþórssyni.

Valinn á úrtaksmót KSÍ

Práinn Arnaldsson, leikmaður Vestra, var í vikunni valinn á úrtaksmót U-17 ára landsliðsins í fótbolta. Þetta er frábær árangur hjá Práni og heldur hann áfram að fá viðurkenningar fyrir

erfið, því hann var einnig í úrtakshópi U-16 landsliðsins í fyrra. Práinn er einn efnilegasti markmaður landsins í sínum aldursflokki.



Kristinn H. Gunnarsson

– Sjónarmið –

Stjórnarflokkarnir bíða afhroð í efnahagslegu góðæri

Stjórnarflokkarnir Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur standa höllum fæti rúmri viku fyrir kosningar. Um síðustu helgi sýndu þrjár nýlegustu skoðanakannanir að samanlagt fylgi þeirra væri aðeins 30–33%. Öruggur þingmeirihluti flokkanna á Alþingi væri samkvæmt þessu kollfallinn. Tap flokkanna myndi vera um 20% af greiddum atkvæðum. Gangi þetta eftir hafa tveir af hverjum fimm kjósendum stjórnarflokkanna snúið við þeim baki. Það er ekki aðeins mikið tap heldur yrðu slík úrslit hreint afhroð fyrir báða flokkana.

Smjör drýpur af hverju strái

En þegar lítið er á stöðu efnahagsmála og þróun helstu hagstærða frá 2013 ættu stjórnarflokkarnir að vera á góðri siglingu til sigurs í komandi Alþingiskosningum. Efnahagsmálin hafa löngum verið langmikilvægust í augum kjósenda. Góður hagur heimilanna hefur nánast verið ávísun á góð kosningaúrslit. Öll helstu rit Seðlabanka Íslands, Peningamál, Fjármálastöðugleiki og Hagvísar segja sömu söguna um þróun efnahagsmála. Þau rit segja frá eins og Landnáma. Þar segir að Þórólfur, ferðafélagi Hrafna-Flóka, sagði smjör drjúpa af hverju strái á Íslandi eftir vetrardvöl í Vatnsfirði.

Kaupmátturinn eykst um 22,5%

Frá 2013 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxið hvert ár. Samanlagt er kaupmátturinn nú 22,5% hærri en hann var árið 2013. Það eru nánast óþekktar tölur í hagsögu Vesturlanda. Það þýðir að fjölskylda sem hafði 400 þúsund króna ráðstöfunartekjur að jafnaði árið 2013 hefur nú nærri 500 þúsund krónur til ráðstöfunar eftir skatta. Til viðbótar er því svo spáð að kaupmátturinn muni enn vaxa á næsta ári og þá um 5,2%. Þá bætast 25 þúsund króna við ráðstöfunartekjurnar í hverjum mánuði ef það gengur eftir. Samanlögð aukning kaupmáttar að raungildi yrði þá orðin 29% á fjórum árum.

Atvinnuþátttaka 80%

Atvinnuleysi hefur stórlega minnkað. Það var 5,4% árið 2013 en er komið í 3,3% og reyndar er það metið sem 2,7% þegar tekið hefur verið tillit til árstíðabundinnar sveiflu í atvinnu. Atvinnuleysi hefur ekki verið minna síðan 2008. Að sama skapi hefur atvinnuþátttakan aukist. Hún var 77% árið 2014 en er nú komin yfir 80%. Störfum hefur að mati Seðlabankans fjölgað um 3% á þessu ári.

Mikil bjartsýni ríkir um horfurnar í atvinnumálum. Væntingar 75% af 400 stærstu fyrirtækjum landsins eru þær að horfurnar séu góðar og liðlega 50% almennings lítur núverandi ástand jákvæðum augum.

Jákvæð erlend skilyrði

Hagstæðu þróun á erlendum mörkuðum hefur lagst með íslensku þjóðinni. Verð sjávarafurða í erlendum gjaldeyri hækkaði árið 2014 um 7,7%. Árið 2015 hækkaði verðið enn meira og þá um 10,9% og á þessu árið er hækkingin metin á 2,5%. Samanlögð hækking á þessum þremur árum er 22,4%. Það er með því allra besta sem um getur á nokkru þriggja ára bili. Til viðbótar þessum ávinningi þjóðarþúsins kemur svo að verð á olíu og bensíni í USD, bandarískum dollar hefur lækkað um 60% á sömu þremur árum 2014–2016.

Verðbólga

Hagstæðu ytri skilyrðin hafa leitt til þess að þrátt fyrir miklar launahækkningar hefur verðbólgan verið innan við 2½% frá byrjun árs 2014 og spáð er að frekari hjóðun verðbólgu sé framundan.

Fasteignaverð hækkar um 50%

Frá 2010 hefur íbúðaverð í Reykjavík innan Hringbrautar, í Vesturbænum og Hlíðunum hækkað að raungildi um 50% og er nú um 5% hærri en þegar það var hæst í lok árs 2007. Í öðrum hverfum höfuðborgarsvæðisins er raunhækkunin minni en þó 37%. Síðustu 12 mánuði hefur raunhækkun íbúðarhúsnæðisins verið 12%. Atvinnuhúsnæði hefur hækkað á þessum tíma enn meira eða um 14,3%. Vegna hækkunar fasteigna hefur veðsetningarlut-

fall íbúðarhúsnæðis lækkað jafnt og þétt og er nú komið niður í 37%.

Skuldir heimilanna lækka um 94%

Frá 2010 hafa skuldir heimilanna lækkað um 94% af áætluðum ráðstöfunartekjum eins árs. Hlutfallið er nú 156% en var þá 250%. Það er byltingarkennd lækking á skuldum heimilanna. Skuldir vegna íbúðakaupa 2015 samkvæmt skattframtölum einstaklinga eru nánast sama krónutala og var 2010 en eignamat fasteignanna hefur hækkað um liðlega 500 milljarða króna.

Nærri helmingur framteljenda telur fram íbúðaskuldir. Hrein eign þeirra var í árslok 2015, 1.353 milljarðar króna og hafði aukist um 20% að raunvirði á aðeins einu ári. Fimm árum áður, í árslok 2010 var hrein eign þessa hóps aðeins 516 milljarðar króna á verðlagi ársins 2015. Hrein eign hefur nærri þrefaldast og aukist um 840 milljarða króna. Skuldsetning heimila og fyrirtækja í hlutfalli við landsframleiðslu er nú sögulega lág. Hvað vilja menn meira?

Skuldir ríkissjóðs lækka um 120 milljarða króna

Skuldir ríkissjóðs héldu áfram að lækka og voru aðeins 51% af vergri landsframleiðslu í lok ágúst 2016. Höfðu skuldirnar lækkað um 10% frá áramótum. Lækkunin á árinu er orðin 120 milljarðar króna, einkum vegna stöðugleikaframlagsins. Staða ríkissjóðs er traust.

Spilling og ranglæti drýpur líka af hverju strái

Spurningin sem við blasir er þessi: af hverju eru stjórnarflokkarnir að tapa í komandi kosningum? Svarið sem líklega kemst næst því að skýra óvinsældir ríkisstjórnarinnar er spilling, misskipting og ranglæti. Í forystusveit beggja flokka hafa verið einstaklingar sem setja sig á annan stall en almenning og finnst það bæði sjálfsgætt og eðlilegt. Svo spilltur var fyrirverandi forsætisráðherra að hans eigin flokkur varð að höggva hann af sér. Fylgið hrynur jafnt og þétt af Sjálfstæðisflokknum vegna forystu sem sér ekki siðleysið í því að gefa margtíðkað loford fyrir síðustu Alþingiskosningar sem svo aldrei stóð til að efna. Panama siðferðið svífur yfir flokknum og Kári Stefánsson hittir naglann á höfuðið þegar hann sagði að formaður Sjálfstæðisflokksins kynni best við sig á gráa svæðinu milli stjórnmála og viðskipta. Annars eins Borgunarmaður fyrirfinnst ekki í stjórnmálunum. Svo má nefna Orkubú Vestfjarða. Misskiptingin er yfirþyrmandi og sést best í lækkun á skattheimtu af þeim sem geta borgað og viðvarandi naglaskap í garð heilbrigðiskerfisins. Það drýpur of mikil spilling og of mikið ranglæti af góðærisstráunum. Þess vegna eru stjórnarflokkarnir að tapa.

Kristinn H. Gunnarsson
hagfræðingur og
stjórnmálafræðingur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



298
kr. 400 g

KW Pipardropar
400 g



298
kr. 400 g

Bónus Piparkökur
400 g



129
kr. 330 ml

Ceres Jóla Hvítöl
Danskt, 330 ml



30%
Meira magn
Sama verð

1kg

379
kr. 1 kg

Myllu Heimilisbrauð
1 kg

GOTT VERÐ Í BÓNUS



100%
Íslenskt
ungnautakjöt

1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Ferskt



69
kr. 400 g

Tómatar
400 g, 2 tegundir



198
kr. pk.

Heima Basmati Hrísgjón
Í suðupokum, 5x100 g



**SÉRSKORIÐ
LAMBALÆRI**

1.398
kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, kryddað, sérskorið



198
kr. 400 g

Wewalka Pizzadeig
Ferskt, 400 g



**ROÐ- OG
BEINHREINSADIR**

998
kr. kg

Norðanfiskur Porskbítar
Roð- og beinlausir, frosnir



598
kr. pk.

Plaisir Kattamat
12x100 g



498
kr. 370 g

MS Rifinn Ostur
370 g



395
kr. pk.

Stjörnugris Pepperoni
180 g



159
kr. pk.

Hvítlauksbrauð
2 stk. í pakka

**LÁGT
VERÐ
ALLA DAGA**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 23. október eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Lítróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Stundin nálgast

Pitt atkvæði skiptir máli er frasi sem þarf að endurtaka í sífellu því með kosningum tökum við sameiginlega ákvörðun um hvað það er sem skiptir máli í okkar samfélagi. Þó margir haldi því fram að þeir séu ekki „pólitískir“ hafa allir skoðanir á samfélaginu okkar, með einum eða öðrum hætti svo öðrum frasa sé slegið á loft. Hverjum er slétt sama um aðgang að heilbrigðisþjónustu eða menntun, hver hefur enga skoðun á samgöngum, mokstri og hvað það er dyrt að fljúga suður, hvort við séum með eða móti fiskeldi og hvort ferðaþjónustan sé málið. Að finna svo skoðunum sínum farveg í þeim valkostum sem bjóðast er annað mál og hvort valkostirnir standa svo við stóru orðin er líka annar handleggur. Það er hins vegar ekkert vit í öðru en að reyna að finna framboð sem fellur best að lífsýninni, er trúverðugt og býður til starfans gott og heiðarlegt fólk.

bb.is spurði á dögum lesendur sína um fyrirhugaða kosningaþátttöku, hvort þeir ætluðu að kjósa sama og síðast, eitthvað allt annað, sleppa því að kjósa eða ekki gert upp hug sinn. Fjórdungur svarenda reyndist óákveðinn og rúmur þriðjungur ætlaði ekki að kjósa það sama og síðast. Það er því ljóst að miklar breytingar eru í aðsigi. Ef skoðuð eru svör vikunnar við spurningunni um áhersluatriði þá eru heilbrigðis- og samgöngumál það sem eru lesendum bb.is ofarlega í huga. Það má því leiða að því líkum að þeir sem kjósa annað núna en síðast geri það vegna vonar til nýs framboðs í þessum efnum, eða vonbrigða með það sem síðast var kosið.

Næst á eftir samgöngumálum og heilbrigðismálum eru það atvinnumál, lýðræði, stjórnarskrá og spilling sem fólk liggur á hjarta og vonandi að umsækjendur um starf á alþingi hafi það í huga í þeim ráðningarsamtölum sem nú fara fram, milli þeirra og kjósenda.

Bæjarins besta og bb.is er ætíð opið fyrir lýðræðislega umræðu og reynir eftir megni að koma sem flestum sjónarmiðum á framfæri.

BS

Spurning vikunnar

Á hvaða málefni leggur þú áherslu í þessum kosningum?

Alls svöruðu 352

Menntamál, sögðu 11 eða 3%

Samgöngur, sögðu 96 eða 27%

Umhverfismál, sögðu 16 eða 5%

Meningarmál, sögðu 8 eða 2%

Heilbrigðismál, sögðu 116 eða 33%

Utánrískismál, sögðu 5 eða 1%

Lýðræði, stjórnarskrá og spilling, sögðu 37 eða 11%

Atvinnumál, sögðu 42 eða 12%

Annað, sögðu 21 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is fyrir **15. nóvember 2016**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnpláss og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti



Auglýsing um styrki vegna námskostnaðar eða verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks vekur athygli á rétti fólks til að sækja um styrki skv. 27. grein laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Byggðasamlaginu er heimilt að veita styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda telst námið hafa gildi sem hæfing eða endurhæfing. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru 18 ára og eldri styrk til verkfæra og tækjakaupa í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfssemi, enda teljist starfsemin hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing sem miði að því að auðvelda fötluðu fólki að skapa sér atvinnu.

Umsóknafrestur er til 13. nóvember 2016 og skulu umsóknir berast til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags, umsóknæyðublöð og reglur um styrki vegna námskostnaðar eða verkfæra- og tækjakaupa eru að finna hjá viðkomandi félagsþjónustu.

• Félagsþjónustan við Djúp, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, sími 450-7000/ 450-5900 www.bolungarvik.is / www.sudavik.is

• Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, sími 450-8000 www.isafjordur.is


• Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, Höfðagötu 3, 510 Hólmavík, sími 451-3510/ 434-7880 www.strandabyggd.is / www.reykholar.is

• Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu, Aðalstræti 75, 450 Patreksfjörður, sími 450-2300/ 456-2539 www.vesturbyggd.is / www.talknafjordur.is

Við erum framtíðin



Eva Pandora Baldursdóttir.



Gunnar Ingiberg Guðmundsson.

ar ef það vill sækja sér sérhæfðar menntunar en myndi gjarnan vilja, að námi loknu, snúa aftur til heimabygðar og setjast þar að til framtíðar með fjölskyldur sínar. Hins vegar getur lélegt aðgengi að grunnþjónustu og störfum haft mikil áhrif á þá ákvörðun.

Við sem skipum baráttusæti Pírata í Norðvesturkjördæmi erum þessu kunnug af eigin raun.

Eva Pandora Baldursdóttir skipar 1. sæti listans en hún er fædd og uppalin í Skagafirði og hefur búið þar stærstan hluta ævi sinnar að frátöldu einu ári erlendis og sex árum í Reykjavík til þess að afla sér háskólamenntunar. Að námi loknu snéri hún aftur í heimabygð og hefur nú stofnað þar fjölskyldu. Þó svo að yndislegt sé að hafa snúið aftur heim er ýmislegt sem mætti vera betra. Heilbrigðiþjónusta er verulega ábótavant þar sem heilsugæslur hafa of lengi verið fjársveltar og geta þar af leiðandi ekki sinnt grunnþjónustu sem ætti að vera til staðar í þéttbýli. Oft á tíðum hafa þessar heilsugæslur góða aðstöðu og jafnvel starfsfólk á staðnum til þess að sinna þessum verkefnum sem vantar en skortir einungis fjármagnið. Ef

ungt fólk þarf að sækja langt til þess að verða sér úti um aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu á borð við aðgang að fæðingar-deild, ungbarnavernd o.fl. er eðlilegt að hugsa sig tvisvar um áður en festar eru rætur. Ef ekki er hægt að stofna og ala upp fjölskyldu í byggðarlagi án þess að þurfa að fara í langar, og oft hættulegar, ferðir yfir fjöll og firnindi í öllum veðrum hefur eitt af skilyrðum öruggar búsetu á landsbyggðinni brostið.

Gunnar Ingiberg Guðmundsson skipar 2. sæti listans en hann er búsettur á Ísafirði ásamt unnustu sinni en þau eiga von á barni í vetur. Gunnar er menntaður vél- og skipstjórnarmaður og hefur hann starfað seinustu þrjú ár í strandveiðikerfinu með sína eigin útgerð. Hann þekkir því af eigin raun hversu erfitt er að stunda þessa atvinnu sér til lífsviðurværis í núverandi sjávarútvegskerfi. Hægt er að

líta á það sem ákveðinn erfðarétt Íslendinga að geta stundað sjó sér og sínum til lífsviðurværis og með því að festa þennan rétt í sessi breytum við vaxtarskilyrðum smærri þéttbýliskjarna við strendur landsins. Þegar einstaklingum er aftur gert mögulegt að nýta þennan erfðarétt sinn og stunda sjó eflir það og glæðir byggðarlagið og stuðlar að aukinni atvinnuuppbyggingu og þar af leiðandi verður fýsilegra fyrir ungt fólk að snúa aftur heim.

Við erum ungt fólk af landsbyggðinni sem stefnum á Alþingi til þess að breyta stjórnkerfinu til hins betra og stuðla að uppbyggingu landsbyggðarinnar. Við þurfum ekki að spyrja okkur hvað unga fólkíð myndi mögulega vilja til þess að snúa aftur heim. Við erum unga fólkíð. Við erum framtíðin.

Höfundar eru Eva Pandora Baldursdóttir og Gunnar Ingiberg Guðmundsson.

Nú, þegar einungis er rúm vika til kosninga, eru stjórnmal í brennidepli í fjölmiðlum. Stjórnmalaflokkarnir keppast við að ná til sem flestra kjósenda og fylla huga þeirra loforðum sem staðið verður við eftir kosningar – mögulega kannski, ef ekki þá er alltaf hægt að bera fyrir sig pólitískan ómöguleika. Þetta virðist hafa verið viðurkenndur leikvöllur stjórnmalanna hingað til. Núna viljum við hins vegar breyta leikreglum og, í framhaldinu, leikvellinum í heild sinni. Píratar eru flokkur sem boðar nýja nálgun á stjórnmal þar sem gagnsæi og upplýst ákvörðunartaka eru

í fyrirrúmi. Við viljum efla borgararéttindi og færa valdið aftur til fólksins. Því er mikilvægt að fólkíð kjósi sér fulltrúa inn á þing sem munu hlusta á það sem almenningur hefur að segja. Þetta er sérstaklega mikilvægt á landsbyggðinni, sem hefur oft á tíðum vantað talsmenn. Landsbyggðin er vissulega fámennari heldur en höfuðborgarsvæðið en hefur að geyma gríðarleg verðmæti fyrir land og þjóð. Það er mjög mikilvægt að styðja vel við byggðarlög á landsbyggðinni og sporna við þeim gífurlega fjölsfálta sem hefur orðið þaðan. Oft á tíðum er ungt fólk tilneytt til þess að leita til höfuðborgarinn-

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20, 1. desember 2016. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@byggdastofnun.is og bréflaga á póstfangið Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur. Vakín er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og bréflaga.

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:

- Styrkir til rannsókn- og þróunarverkefna**
Styrkir til afmarkaðra rannsókn- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að átta milljónum króna. Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.
- Smá- eða forverkefni**
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkupphæð er allt að einni milljón króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi · Ártorgi 1 · 550 Sauðárkrókur · sími 455 5400 · www.avs.is



Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, er lögmaður hópsins. Mynd: Sigtryggur Ari / DV.

Málssókn gegn sjókvíaeldi Arnarlax

Hópur hagsmunaaðila hefur stofnað málssóknarfélag og ætla að krefjast þess fyrir dómi að starfsleyfi fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax á Bíldudal verði ógildað. Á vef RÚV er greint frá að Jón Steinar Gunnlaugsson er lögmaður hópsins og í málssókninni verður vísað til að eldislax sem sleppur úr sjókvíum geti spillt náttúrulegum stofnum í veiðiám samkvæmt norskum rannsóknum.

Aðild að málssóknarfélaginu

hafa meðal annars eigendur Haffjarðarar á Snæfellsnesi, veiðifélag Laxár á Ásum og veiðiréttarhafar í Bakkadal og Fífustaðadal.

„Það er sem sagt búið að gefa út starfsleyfið. Dómkröfandi verður um að ógilda það og þar verða fyrir til varnar bæði fyrirtækið sjálft og stofnanir ríkisins sem gáfu út leyfið.“ segir Jón Steinar í samtali við fréttastofu RÚV.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Hafsteinn Kristjánsson

bílstjóri frá Bolungarvík

lést aðfaranótt föstudagsins 14. október


Fyrir hönd fjölskyldunnar

Jónína Þuríður Sveinbjörnsdóttir



samskip

Öll undir einu merki



Sameinuð starfsemi

Í október 2016 sameinast öll starfsemi Samskipa á Íslandi undir heitinu Samskip. Þar á meðal er öll starfsemi sem áður var undir nafni Landflutninga.



Samskip bjóða viðskiptavinum heildstæðar flutningslausnir á landi og sjó. Við erum eitt fyrirtæki og með breytingunni skerpum við áherslur, einföldum viðmót og tryggjum að við komum alls staðar fram á sama hátt. Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu.

samskip

Saman náum við árangri

www.samskip.is

Viltu hætta að borga húsnæðislánið þitt margfalt til baka?

KJÓSTU BJARTA FRAMTÍÐ

G. Valdimar Valdemarsson
framkvæmdastjóri

1. sæti
Norðvestur

MEIRI BJARTA FRAMTÍÐ
MINNI OKURVEXTI



Ég heiti G. Valdimar Valdemarsson og skipa 1. sætið á lista Bjartrar framtíðar í Norðvestur kjördæmi.

Ég er giftur Sigurlínu H. Steinarsdóttur úr Borgarnesi og við eigum saman eina dóttur en fyrir átti hún tvær.

Ég er fæddur og uppalinn á Skagaströnd, lærði forritun strax eftir grunnskóla en fór síðan í Samvinnuskólann á Bifröst og síðar í framhaldsnám í kerfisfræði og hagfræði til Noregs. Ég hef unnið mest allan starfsaldur við hugbúnaðargerð og frá 1991 í eigin fyrirtæki.

Byggðamál

Ég hef alltaf verið áhugasamur um byggðamál og hagsmuni landsbyggðarinnar og tel að það sé mikið verk að vinna við að bæta stjórnásluna og tryggja sjónarmið dreifðra byggða í ákvörðunartöku. Það er stund-

um sagt að við séum ekki með byggðastefnu á Íslandi og það er mikið til í því. Stjórn málin hafa forðast að skilgreina grunnþjónustu og þjónustustig og það vantar alla mælikvarða eins og vegalengdir til þjónustunnar, lágmarks ásætlanleg þjónusta og réttur íbúa til að fá þjónustu á sambærilegum kjörum. Þessu vil ég breyta, ég vil taka þátt í að skilgreina þjónustustig og gera áætlun um hvernig við byggjum upp ásætlanlega þjónustu í heilbrigðiskerfi, menntakerfi og annarri opinberri þjónustu. Þetta tel ég reyndar best gert með því að stofnað verði ráðuneyti byggðamála sem hefur á einni hendi yfirsýn yfir byggðamálin og tryggir að þau sjónarmið séu alltaf með í allri ákvörðunartöku.

Opinber þjónusta

Ég tel mikilvægt til að tryggja góða þjónustu og eins og ekki síður til að skapa fjölbreyttari störf að opinberar stofnanir veiti þjónustu þar sem íbúarnir eru og séu með starfssemi um allt land. Við getum til dæmis tekið Norðmenn okkur til fyrirmyndar en þeir settu fyrir áratugum ráðningarbann á opinbera starfsmenn í höfuðborginni og fólu forstöðumönnum ríkisstofnananna að byggja þær upp með þjónustu fyrir allt landið að leiðarljósi. Þeir ganga svo langt að þeir skerða fjárframlög til stofnanna sem ekki fylgja þessari stefnu. Þessa leið tel ég að við ættum að fara á Íslandi þar sem forstöðumenn stofnananna eru miklu betur til

þess fallnir að skipuleggja starfsemi en þingmenn. Verkefni þingmanna er að setja markmið og reglur og stofnananna að fara eftir þeim.

Menntun og rannsóknir

Ég tel mikilvægt að Íslendingar verji meira fjármagn í menntun og rannsóknir og það mun skila sér í betri ákvörðunartöku og meiri sátt í samfélaginu. Það er mikilvægt að byggja upp öflug rannsóknarsetur háskóla í öllum landshlutum og reynslan sýnir að það skilar sér í fjölbreyttum störfum og laðar fram sérstöðu einstakra landshluta og styrkleika þeirra. Aukið fjármagn í menntastofnanir, til rannsókna og til þess að styðja við bakið á námsmönnum mun gera íslenskt skólakerfi samkeppnishæft en það er staðreynd í dag að framhaldsnám er í harðri alþjóðlegri samkeppni og það er nauðsyn að við séum ekki eftirbátar annarra þjóða. Þannig tryggjum við ungu fólki tækifæri og aukum þekkingu okkar á þeim möguleikum sem við eigum í okkar stóra landi.

Landbúnaður og sjávarútvegur

Víða um land eru landbúnaður og sjávarútvegur undirstaða atvinnu og mikilvægt að hlúð sé að þessum greinum m.a með nýjum framsæknum búvörusamningi sem eykur frelsi bænda til að nýta þau tækifæri sem eru í sveitum og á einstökum bújörðum og til frekar fullvinnslu og markaðssetningu afurða. Það sama má segja um sjávarútveg,

stjórnvöldum ber að standa vörð um öflugan sjávarútveg og gæta þess að stjórnvaldsákvæðanir verði ekki til að draga úr hagkvæmni hans eða stuðli beinlínis að byggðaröskun.

Að lokum innviðirnir

Það er tímabært að gera átak í að byggja upp innviði landsbyggðarinnar til að tryggja samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja og auka lífsgæði fólks. Ég

vil beita mér fyrir uppbyggingu í vegakerfi, dreifingu rafmagns og fjarskiptum. Það verður best gert með innlendri lántöku ríkissjóðs sem færir fjármagn til í hagkerfinu í fjárfestingu í innviðum og mun því ekki eitt sér auka þenslu heldur skila traustari innviðum. Innlend lántaka dregur fjármagn frá heitum svæðum og mörkuðum þar sem þenslu er farið að gæta og í arðbæra fjárfestingu í innviðum.



Mynd af Instagram-síðu Jason Momoa þar sem hann sést ásamt leikstjóranum Zack Snyder.

Stjörnufans á Ströndum

Í Árneshreppi á Ströndum fóru nú á dögunum fram tókur á ofurhetjumyndinni Justice League og flykkust stórstjórnur til þessa stórbrotna staðar í norðri til að taka þátt í ævintýrinu. Tökur hófust í þar síðustu viku og tíndust stjörnur til landsins ein af annarri til Djúpuvíkur. Þeir Willem Dafoe sem leikur Nuidis Vulko og Jason Momoa sem leikur Aquaman komu í þar síðustu viku og síðan bættust í hópinn Ben Affleck sem leikur Batman og leikkonurnar Amber Heard sem leikur Meru og Gal Gadot sem er í hlutverki Wonderwoman í myndinni.

Það eru ófáir einstaklingar sem vinna við myndina sem er í leikstjórn Zack Snyder og er talið að um 200 manns hafi dvalist á svæðinu vegna fram-

leiðslunnar sem var hér á landi í gegnum framleiðslufyrirtækið True North. Ekki var heiglum hent að fá samband við innanbúðarfólk og voru Strandamenn þöglir sem gröfin um það sem fram fór í Árneshreppi þessa daga. Eitthvað hefur þó birst af myndun á netinu og hefur þar farið fremstur í flokki Jason Momoa sem hefur deilt þónokkrum myndum með fylgjendum sínum á Instagram. Hann kemur upprunalega frá Havai og líkir umhverfinu á Ströndum við heimahagana.

Ekki hefur áður komið kvikmyndaverkefni til Vestfjarða af viðlíka stærðargráðu og líklegt verður að teljast að hróður og einstök náttúrufegurð þessa fámenna svæðis muni berast víða er myndin fer í sýningar á næsta ári. *annska@bb.is*

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Ísafjörður - 2. nóvember

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð í eyra eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu
Sími 568 6880





Mörgu ábótavant við ráðningu orkubússtjóra

Ráðning orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða uppfyllir tæplega kröfur um faglega og góða stjórnarhætti og mörgu ábótavant við ráðningarferlið. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfshætti stjórnar Orkubúsins. Óeining var innan stjórnar um ráðninguna og sagði Árni Brynjólfsson sig úr stjórn Orkubúsins eftir að stjórnin ákvað að ráða Elías Jónatansson. Hann gagnrýndi ráðningarferlið harkalega í frétt bb.is í vor. Í öllum meginráttum tekur Ríkisendurskoðun undir gagnrýni Árna.

25 umsækjendur voru um starf orkubússtjóra. Ráðningarskrifstofan Hagvangur var stjórn Orkubúsins innan handar við ráðninguna.

Ráðgjafar ráðningarskrifstofunnar og fulltrúar stjórnarinnar völdu í sameiningu fimm umsækjendur sem taldir voru uppfylla best þær hæfniskröfur sem gerðar voru til starfsins. Þessir fimm umsækjendur fóru í viðtöl hjá Hagvangi en Viðar Helgason, stjórnarformaður Orkubúsins, og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, varaformaður stjórnar, tóku einnig þátt í viðtölum.

Veikleiki á matsferli Hagvangs

Í sérstöku minnisblaði, dagsettu 10. mars 2016, gerðu fulltrúar ráðningarskrifstofunnar grein fyrir mati sínu á hæfni tveggja hæfustu umsækjendanna með hliðsjón af menntunar- og hæfniskröfum. Í þessu minnisblaði er ekki leitast við að bera umsækjendurnar tvo sérstaklega saman eða gera upp á milli þeirra með tilliti til menntunar þeirra, starfs- og stjórnunarreynslu og rekstrarþekkingar, samskipta- og leiðtogaþæfni, sóknarhugar eða sýnar á framtíð Orkubúsins. Lokaniðurstaðan var einfaldlega

sú að „báðir þessir aðilar væru hæfir til að gegna starfi Orkubússtjóra Vestfjarða“.

Um þá þrjá umsækjendur sem heltust úr lestinni er ekki heldur fjallað í minnisblaðinu og engin rök færð fyrir því að þeir þóttu lakari kostur en þeir tveir sem hlutu áframhaldandi brautargengi. Ríkisendurskoðun segir að þetta hljóti að teljast nokkur veikleiki á matsferlinu.

Var ekki ljóst að það ætti að ganga frá ráðningu í síma

Hinn 9. mars 2016, þ.e. daginn áður en minnisblað Hagvangs var dagsett, sendi formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða öðrum stjórnarmönnum tölvubréf og boðaði til fundar daginn eftir. Lagt var til að um símafund yrði að ræða þar sem tveir stjórnarmenn væru staddir erlendis. Í tölvubréfinu kom fram að viðtölum við umsækjendur væri lokið og væri ráðningarskrifstofan að vinna umsögn um niðurstöður þeirra. Tilgangur símafundarins væri „að ræða áherslur okkar og næstu skref“.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að það hafi komið a.m.k. tveimur stjórnarmönnum nokkuð á óvart hvernig símafundurinn þróaðist og eins og kunnugt er sagði annar þeirra sig úr stjórninni eftir að atkvæðagreiðslu lauk. Í tölvubréfi til annarra stjórnarmanna frá 19. mars 2016, þ.e. rúmri viku eftir að símafundurinn var haldinn, komst hinn svo að orði: „Í upphafi fundar var mér það ekki ljóst að við værum að fara að ganga frá ráðningu í síma.“

Í sama tölvubréfi þessa stjórnarmanns kom einnig fram að hann hefði viljað fá meiri tíma og eiga meiri hlut í þessu stóra ráðningarmáli. Jafnframt hefði verið mikilvægt að fá ítarlegri útlitun á því hvað nákvæmlega

oli því að aðrir umsækjendur en þeir tveir sem stóðu eftir í lokin heltust úr lestinni. Þá hefði álit ráðningarskrifstofunnar ekki sagt margt annað en að tveir umsækjendur væru taldir hæfastir. Ýmislegt hefði því betur mátt fara. Þessi stjórnarmaður samþykkti engu að síður ráðningu nýs orkubússtjóra á fundinum eins og þrír aðrir stjórnarmenn.

Stríðir gegn reglum Orkubúsins og hlutafélagalögum

Ríkisendurskoðun segir það vekja athygli að umrætt minnisblað Hagvangs frá 10. mars var ekki sent sem fundargagn stjórnarmönnum til upplýsingar og undirbúnings heldur var einungis gerð grein fyrir efni þess á símafundinum. Þetta stríðir gegn starfsreglum Orkubúsins um að fundargögn skuli að jafnaði send stjórnarmönnum minnst tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að samkvæmt lögum um hlutafélög megi ekki taka mikilvæga ákvörðun án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

Ríkisendurskoðun finnur að því að stjórnarformaður Orkubúsins gætti hvorki að starfsreglum stjórnar Orkubús Vestfjarða né lögum um hlutafélög þegar hann hafnaði því að gera í fundargerð grein fyrir þeirri eindregnu ósk Árna Brynjólfssonar að það yrði sérstaklega bókað að hann styddi ekki fyrirhugaða ráðningu orkubússtjóra.

Ríkisendurskoðun tók einnig til skoðunar námsleyfi og starfslok Kristjáns Haraldssonar, fyrrverandi orkubússtjóra. Ekki er gerð athugasemd við námsleyfið en Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að um slík leyfi verði settar fastmótaðar reglur, m.a. um lengd þeirra. *smari@bb.is*

Dögum fyrir Vestfirðinga



Sigurjón Þórðarson.

Dögum er afl breytinga sem vill koma á réttlátu samfélagi. Mikilvægt er að ákvarðanir séu teknar út frá heildarhagsmunum en ekki út frá þröngum sérhagsmunum. Þess vegna þarf að hreinsa samfélagið af stjórnarmönnum; skattaskjóla, kúlulána og einkavinavæðingar.

Dögum vill afnema verðtrygginguna en losa þarf um hnútinn í maga margra kjósenda sem svikamyllan verðtryggingin veldur. Það er ósanngjarnt að öll verðbólguáhætta leggist alfarið á lántakendur, en sanngjarnt er að skipta henni á milli fjármála-fyrirtækja og skuldara. Lækka þarf vexti en háir vextir þjaka fyrirtæki og heimilin. Dögum vill koma á samfélagsbanka sem veitir lán á sanngjörnum vöxtum og greiðir ekki bankabónusa.

Eg mun beita mér fyrir frjálsum krókaveiðum dagróðrabáta en það hleypir lífi í sjávarbyggðirnar. Fiskur er staðbundinn, einkum á uppvaxtarskeiði og því mikilvægt að dreifa veiðum og nýta fiskimið á flóum og í fjörðum.

Standa þarf vörð um heilbrigðisþjónustuna og ekki síður menntastofnanir. Eðlileg krafa hvernar fjölskyldu er að hún hafi greiðan aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu og menntun fyrir þá sem landið erfa.

Í umræðu um hvar og til hvaða verkefna skattfé er varið er rétt að halda á lofti þeirri staðreynd að flutningur er á skattfé til höfuðborgarsvæðisins frá dreifbýlinu.

Mikilvægt er að stjórnarmenn styðji við athafnagæði og hugmyndir fyrirtækja og einstaklinga. Tækifærin eru fjölbreytt og stór í atvinnumálum á Vestfirð-

um. Nú er fyrirhuguð sókn í fiskeldi og ferðaþjónustunni vítt og breitt um Vestfirði. Skynsamlegt er að beita sér fyrir uppbyggingu vinsælla ferðamannastaða á borð við Dynjandafoss, Látrabjargs og friðlandsins á Hornströndum. Komast verður frá þeirri bábilju að samgöngubætur séu kostnaður eða gjafir stjórnmalamanna til íbúa. Góðar samgöngur eru arðsamar. Borðleggjandi er að heimta strax nútímalegar samgöngur á Vestfirðum, til þess að tryggja framþróun atvinnulífsins.

Dögum styður virkjun Hvalár sem tryggir rafmagnsöryggi og gefur kost á frekari uppbyggingu atvinnulífs.

Skipuleg nýting og uppbygging á friðlöndum sem heimamenn hafa verulegan hag af, er ein áhrifaríkasta leiðin til náttúruverndar. Í viðhorfum ferðaþjóna á Hornströndum sem vilja halda fiskeldiskvíum í hæfilegri fjarlægð frá friðlandinu kristallast sú sýn. Gæta verður að því að upplifun ferðamanna truflist ekki í ævintýralöndum Jökulfjarða og Hornstranda.

Á síðustu tveimur kjörtímabilum hefur orðið mikil fækkun á ríkisstörfum á svæðinu. Í lok kjörtímabils kemur jafnan karamella fyrir kjósendur. Karamellan sem gefin er í lok kjörtímabils er jafnan miklu minni, en það sem tekið var í burtu.

Leita þarf nýrra leiða til að tryggja ríkisstörf. Búa þarf til hvata inn í opinbera stofnanaumhverfinu til að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Það mætti hvetja opinbera stofnanir til að staðsetja starfsmenn utan höfuðborgarinnar sem gæti falist í auknum fjárveitingum til stofnana sem staðsetja störf á landsbyggðinni.

Flytja ber menningarmál í meira mæli frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögin fá þannig sjálf að nýta það skattfé sem nú rennur til menningarstarfs á höfuðborgarsvæðinu, í meira mæli heima í héraði og efla þannig menningarstarf og auka fjölbreytni starfa.

Sama á við um að gefa íbúum kost á að ráðstafa hluta af afnotagjaldi RÚV til fjölmiðla heima í héraði á borð við BB á Ísafirði.

Landsbyggðafólk standið með hagsmunum ykkar og atvinnufrelsi – það er best gert með því að kjósa Dögum í komandi kosningum.

Sigurjón Þórðarson
1. sæti á lista Dögunar



Sportið í beinni...

fimmtudagur 20. október

16:55 Inter - Southampton
16:55 Celta - Ajax

19:00 Man. Utd. - Fenerbache

19:00 AZ Alkmaar - M. Tel-Aviv

19:05 Þór Ak. - Skallagrímur

02:30 CIMB Classic Golf

föstudagur 21. október

19:45 Njarðvík - Stjarnan

22:00 Körfuboltakvöld

03:00 CIMB Classic Golf

laugardagur 22. október

11:20 Bournem - Totth Hotspur

13:25 Freiburg - Augsburg

13:50 Arsenal - Middlesbr

13:55 Bristol City - Blackb Rovers

14:10 Valencia - Barcelona

14:55 F1: Æfing - Bandaríkin

16:10 Burnley - Everton

16:20 Liverpool - WB Albion

16:20 Njarðvík - Keflavík

16:25 B. Munchen - Bor. M'Gladb

16:25 Nottth Forest - Cardiff

17:50 F1: Tímataka - Bandaríkin

18:30 Leicester - Crystal Palace

18:30 West Ham - Sunderland

18:30 Swansea - Watford

19:30 Hull City - Stoke City

03:00 CIMB Classic Golf

sunnudagur 23. október

12:20 Man City - Southampton

13:30 LA Rams - N York Giants

14:50 Chelsea - Man United

18:30 F1: Keppni - Bandaríkin

18:40 R Madrid - Athl Bilbao

20:20 Pb Steelers - NE Patriots

mánudagur 24. október

21:00 Messan

þriðjudagur 25. október

18:40 Liverpool - Tottenham

miðvikudagur 26. október

18:40 West Ham Utd - Chelsea

18:55 Man. Utd. - Man. City

19:05 Grindavík - Snæfell

03:00 WGC: HSBC Champ.

Dagar Íslands

22. október 1985:

Á Bíldudal féllu fimm aurskriður úr fjallinu niður í þorpið og öllu nokkrum skemmdum. Mikil úrkoma hafði verið dagana á undan.

24. október 1975:

Kvennafrídagurinn: Íslenskar konur lögðu niður vinnu til þess að sýna fram á mikilvægi kvenna í atvinnulífinu.

26. október 1995:

Snjóflóð féll á Flateyri með þeim afleiðingum að tuttugu fórust.

Helgarveðrið

Á föstudag, laugardag og sunnudag:

Suðustan 8-13 og rigning, en þurrt að kalla fyrir norðan. Hiti 7 til 13 stig, hlýjast á N-landi.


				DÍNAMÓR	SKRAUT-STEINN	MELTINGAR-VÖKVI		EFTIR HÁDEGI	RÆÐIR	KK NAFN	
				RÆGJA							
				STÆLA				HÓPUR			
								IÐJA			
				SVIK					TVEIR		
									SNÍKILL		
				ÆTÍÐ							
				ÁREYNSLA						ÓNÁÐA	
	↓	YRKJA	SUND			HARLA					
			KLAKI			PISS					
TIPL					HREYFA						
					KERALDI						
STARTA				FUGL					SKARA		
				STREITA							
Í RÖÐ			ÓHREINKA					RÖLT			
			SPÍRA					BLIKK			
STEFNA			SKAPLYNDI					SAMTÖK			
			RELL					ÚTUNGUN			
BORGA					PILFAR					ATORKA	
					HANGA						
		VITLEYSA				ÁÆTLUN					
		SÍ-VINNANDI				SKORDÝR					
LOFT-STRÁUM				ÁVINNA					UNAÐUR		
				ÁN							
SPRIKL			DAÐUR					ÆTT			
			VÖLLUR					LITNINGAR			
BÓK			STRENGUR					ÓNEFNDUR			
			SAMTÖK					TVEIR EINS			
FAÐMA					FISKUR						
ÚT					SÁL						

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Víur hætta starfsemi

	FORN- GÝÐINGUR	UPPSKRIFT	FEIKN	ÁTT	NUGGA	NÚNA
BÚ- HYGGINN	H	A	G	S	Ý	N N
STYRKJA	E	F	L	A	TVEIR EINS DEYJA	Ú Ú
AUGNHÁR	B	R	Á	FLÍK ÍPRÓTT	F	A T
SKORA LJÓMI	R	I	S	P	A	ÖXULL Í
↓	STÖBYN	KANN SJÚK- DÖMUR	G	E	T	RÆNU- LEYSI ORÐTAK
ALDRADI	G	A	M	L	I	ÓFOR- SJÁLNI LEIKFANG
FISKUR	U	F	S	I	HÖL GÁSKI	H R Ó S
TVEIR EINS	L	L	T	Æ	R	A TÍ K
HAMINGJA	L	Á	N	R	I	S S
ARINN	S	T	Ó	S	N	I K K A
	T	FITA HINDRUN	T	Ó	L	G HAKA ÁFERGJA
LOFT- TEGUND	E	T	A	N	L	Á N A
KOMAST	N	Á	Á	T	A	K K VÆR KUSK
LÍFGA	G	L	Æ	Ð	A	F DRYKKUR SKÓLI
AFSPURN	U	M	T	A	L	F I M U R
BÓK	R	I	T	K	E	I S A R I



Víur, ræktunarfélag um fódurskordýr, mun innan skamms hætta starfsemi, en fyrirtækið sem var stofnað árið 2014 stundaði rannsóknir og tilraunaráttun á lirlfum svörtu hermannaflogunnar. Sigríður Gísladóttir annar eigandi Vía og framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir margt hafa verið óljóst um forsendur skordýraeldis til fódur-gerðar, í tæknilegum útfærslum ræktunar, stöðu á markaði og reglugerðumhverfi þegar Víur hóf störf. Nýverið hafi komið í ljós að þróun þessara mála yrði ekki eins og vonir stöðu til og spáð var um. Fyrst og fremst snúist það um forgangsröðun í smíðum á evrópskri löggjöf um fódurskordýr. Þá er nú orðið ljóst hvaða tæknilegu hindranir skordýraeldi þarf að yfirstíga til að verða sjálfbært fjárhagslega

og hvað varðar umhverfisáhrif. Segir Sigríður að skordýraeldi geti orðið arðbært á næstu 5 til 10 árum, það er sá hluti þess sem löggjöf Evrópusambandsins mun ná utan um. „Með þessa nýju vitneskju í huga teljum við ekki forsendur á Íslandi til skordýra-ræktunar á iðnaðarskala, meðal annars sökum þess að aukaafurðir úr landbúnaði og matvælaframleiðslu sem henta sem æti fyrir skordýr og munu verða leyfðar til skordýraeldis eru nú þegar afar vel nýttar af öðrum íslenskum atvinnugreinum.“

Mest störfuðu þrír starfsmenn hjá fyrirtækinu. Nú starfar hjá fyrirtækinu líffræðingurinn Aron Dalin Jónasson. Í mánuðinum verður klárað að rækta lirlfur í fódur- og fódurunartilraunir í sam-norrænu verkefni sem Víur hefur verið þátttakendur í undanfarna 18 mánuði. Að því loknu mun

Háskólinn á Hólum taka yfir flugnastofninn ásamt tækjum og öðrum ræktunarbúnaði fyrirtækisins. Hyggjast Hólamenn meðal annars nýta skordýrin í kennslu á vegum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Segir Sigríður að þannig megi segja hringnum lokað – verkefnið hófst og því lýkur hjá Sameinuðu þjóðunum, en til upprifjunar má rekja hugmyndina að Vium til skýrslu FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP) um skordýraát, framtíð þess og möguleika frá 2013.

Víur, sem auk Sigríðar, er í eigu Gylfa Ólafssonar mun á næstu mánuðum birta ítarlega lærdómsskýrslu um sögu og forsendur bæði tilraunanna og niðurlagningarinnar. Vilja þau þakka kærlega alla þá aðstoð og stuðning sem verkefnið hefur hlotið. *annska@bb.is*

Sudoku þrautir

	7	9			5			
			6	3	2	9		
	6		7				4	
				6		4		9
4	2		3	8		5		6
9		6				2		1
5	9	8		7			6	
1	3	2			6			9

	4					8	6	
5			6	7	4	1		3
9	3			8			7	
	5	2	8	6		7		
					9			
1			3		7		5	2
						4	3	6
4	6	7	5	1	3			
8	9	3	4	2			1	7

smáar

Bækur til sölu: Leynardómar Parísarborgar, ritsafnið Lönd og Lýðir, Húslestrarbók (prentuð á Hólum 1745), Nýja stafrófskverið (prentað 1909), Fermingargjöfin (prentuð 1923), Passíusálmur (prentaðir 1834), Bakkyrnurnar, Vatnaniður, fyrir veiðimenn, Bókin um Díönu. Uppl. í síma 557 7957

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is



Til sölu – Tilboð óskast



Aðalstræti 9 Bolungarvík

Fasteignin á fjórum hæðum að kjallara með-töldum, eignin er steipt og samtals 1108 m² að stærð, byggð árið 1985 samkvæmt fasteignaskrá. Á jarðhæð hefur verið rekinn veitingastaður en á efri hæðum eru gistihæbergi. Í kjallara er geymslupláss. Húsið er skráð sem verslunarhúsnæði í fasteignaskrá Húsið þarfnast viðhalds en býður upp á mikla möguleika, m.a. á sviði ferðaþjónustu. Eignin selst í því ástandi sem hún er. Áhugasamir hafi samband við Fasteignasölu Vestfjarða – *eignir@fsv.is* s. 456-3244.

Þjónustuauglýsingar

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavörð. Únað getur verið mismunandi milli verslana.

SÚPER

AFMÆLISTILBOÐ



40% afsláttur

KAINOL

1.373 kr/m²
~~2.289 kr/m²~~

Harðparket - Austurísk gæði
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071

Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Electrolux

ÞÚ SPARAR: 16.910 KR

Pvottavél
FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690

59.990 kr
~~76.900~~



PARKET ÚTSALA

20-40% afsláttur af ÖLLU parketi

25% afsláttur

EUROHOME
enjoy living

1.492 kr/m²
~~1.990 kr/m²~~

Harðparket - Þýsk gæði
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100

28% afsláttur

BARLINEK

2.995 kr/m²
~~4.190 kr/m²~~

Viðarparket
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spönn).
146899

25% kynningarafsláttur af öllum ORTHEX plastboxum



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

1.493 kr
~~1.990 kr~~

Plastbox 60 ltr.
58x38x40 cm.
2007617

25% afsláttur



8.995 kr 10 ltr

Jotun vegg- og loftamálning
10 ltr.
7119784-86

OSRAM



25% afsláttur af Osram perum



Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Electrolux

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

66.990 kr
~~78.990~~

Purrkari EDP2074PDW
Barkalaus, 7 kg, með rakapétti.
1860171

Rýmum fyrir jólum

blómaval

HAUST-LAUKAR
25% AFSLÁTTUR

ALLAR POTTAPLÖNTUR
30% AFSLÁTTUR



Byggjum á betra verði

www.husa.is